

Skilmálar - Myntkaup ehf.

Þessir skilmálar eru í gildi frá og með 21. apríl 2021.

Almenn ákvæði

1.1

Þessir skilmálar (hér eftir “**Skilmálar**” eða “**Skilmálarnir**”) gilda um öll viðskipti, samninga og viðskiptatengsl við Myntkaup ehf., kt. 520717-0800, með lögheimili að Bjargargötu 1, 102 Reykjavík (hér eftir „**Myntkaup**“ eða „**við**“). Þá sérstaklega gilda þessir Skilmálar um viðskipti og viðskiptatengsl á netinu eða á stafrænum vettvangi (t.d. <https://myntkaup.is>) sem eru í eigu Myntkaup (hér eftir nefnt “**Kerfi Myntkaupa**”).

1.2

Yfirlit yfir skilgreiningar sem eru notaðar í þessum Skilmálum má nálgast með því að lesa Viðauka I.

Að stofna aðgang hjá Myntkaup

2.1

Einstaklingar sem hafa áhuga á að nota Kerfi Myntkaupa þurfa að skrá sig með rafrænum skilríkjum með innskráningarþjónustu Þjóðskrár Íslands (sjá <https://www.island.is/innskraningarthjonusta/um/>). Einstaklingur sem hefur lokið nýskráningu er hér eftir nefndur “**Notandi**” og “**þú**”.

2.2

Til þess að stunda viðskipti með Kerfum Myntkaupa þá þarft þú sem Notandi að sannreyna aðgang þinn. Ferlið til þess að sannreyna aðgang þinn fer eftir öryggiskröfum og þá einkum lögum og reglum er varða aðgerðir gegn peningabætti. Ferlið getur breyst frá einum tíma til annars eftir því hvaða lagareglur gilda hverju sinni.

2.3

Þú þarft að tryggja að einungis þú hafir aðgang að innskráningarupplýsingum þínum fyrir rafræn skilríki og að þú hafir stofnað Myntkaup aðgang þinn fyrir þig sjálfa/n. **Stranglega bannað er að hafa milligöngu með viðskiptum fyrir annan aðila í gegnum Kerfi Myntkaupa.** Ekki er heimilt að leyfa öðrum að nota þinn aðgang hjá Myntkaup.

2.4

Einstaklingur þarf að vera með íslenskan ríkisborgararétt og að hafa aðgang að rafrænum skilríkjum til þess að geta orðið Notandi hjá Myntkaup.

2.5

Þú, sem Notandi, skalt:

2.5.1

Tryggja skjóta afgreiðslu á öllum samningum og skalt forðast hvers konar athafnir sem kunna að hindra eða koma í veg fyrir afgreiðslu á samningum.

2.5.2

tafarlaust uppfæra persónuupplýsingar um þig sem kunna að breytast (nafn, heimilisfang, netfang o.s.frv.) í gegnum Kerfi Myntkaupa. Þú gerir þér grein fyrir og samþykkir að Myntkaup muni alltaf nota síðasta netfang og síðasta heimilisfang sem þú skráðir hjá Myntkaup, þannig að sérhver skilaboð sem send eru á tiltekið netfang eða heimilisfang komist til skila á lögbundinn hátt.

2.6

Við stofnun nýs Notanda þá krefst Myntkaup ákveðinna upplýsinga um Notandann. Þú ert meðvituð/meðvitaður um þetta og samþykkir hér með að Myntkaup megi, hvenær sem er, taka einhliða ákvörðun um að þú verðir að skila inn afritum af gögnum sem íslensk lög kveða á um að félög sem reka þjónustu líkt og Myntkaup þurfa að safna um notendur sína.

Viðskipti

3.1

Kerfi Myntkaupa býður upp á viðskipti á (i) dulrituðum gagnaeyningum byggðum á bálkakeðjutækni, svo sem, en ekki takmarkað við, Bitcoin, Litecoin og Ethereum (“**E-Tóki**” eða “**E-Tókar**”), (ii) fiat tókenum, svo sem, en ekki takmarkað við, USD, EUR, ISK (“**F-Tóki**” saman með E-Tóki kallað “**Tóki**”, “**Tókar**” eða “**Tókum**”), (iii) kaup og sölu á Tókum með gjaldmiðli sem er lögeyrir. Þú ert meðvituð/meðvitaður um og samþykkir að Myntkaup getur tekið einhliða ákvörðun um að breyta eða leiðrétta E-Tóka sem stundað er viðskipti með í Kerfum Myntkaupa.

3.1.1

Viðskiptum milli þín og Myntkaupa er eingöngu háttað á eftirfarandi vegu: Þú gerir bindandi tilboð um að stunda viðskipti, þ.e. kaupa eða selja Tóka (eða hluta af Tóka) til Myntkaupa. Til þess að gera slíkt bindandi tilboð þá þarft þú að (i) réttilega fylla út allar nauðsynlegar upplýsingar á tilheyrandi viðskiptaglugga í viðmóti Kerfis Myntkaupa, og (ii) staðfesta með því að smella á annaðhvort “Kaupa núna”, “Selja núna” eða “Staðfesta” takkann (atriði (ii) er kallað “**Smella og Staðfesta Lokatilboð**”). Kaup- og söluskilyrðin sem Myntkaup býður upp á fyrir pöntunina þína er í gildi í 30 sekúndur (“**Verðábyrgð**”). Til þess að taka af allan vafa í þessu samhengi þá skal orðið “kaupa” eða “staðfesta” vera túlkað eingöngu sem “bindandi tilboð til þess að samþykkja móttöku E-Tóka í skiptum fyrir tilgreinda upphæð í gjaldmiðli sem er lögeyrir eða F-Tóki” eða “bindandi tilboð til þess að samþykkja móttöku á F-Tóka í skiptum fyrir tilgreinda upphæð í gjaldmiðli sem er lögeyrir” og orðið “selja” eða “staðfesta” skal vera túlkað eingöngu sem “bindandi tilboð til þess að samþykkja móttöku F-tóka eða tilgreinda upphæð í gjaldmiðli sem er lögeyrir í skiptum fyrir Tóka”.

3.1.2

Tilboðin sem eru nefnd í grein 3.1.1 eru hér eftir kölluð “**Viðskiptatilboð**”. Þú ert bundinn Viðskiptatilboði í eina viku eftir að þú hefur Smellt og Staðfest Lokatilboð (“**Tilboðstími**”). Myntkaup staðfestir móttöku Viðskiptatilboðs um leið og það berst.

3.1.3

Eftir að hafa mótttekið Viðskiptatilboð þá hefur Myntkaup val um hvort tilboðið skuli samþykkt eða ekki. Myntkaup áskilur sér rétt til þess að réttilega uppfylla tilboðið eða ekki hvenær sem er innan Tilboðstímans (kallað **Samningsniðurstaða og Tilboðs Uppfyllingaraðgerð** eða “**STU**”). Allar greiðslur í gjaldmiðli sem er lögeyrir frá þér og til Myntkaupa skulu fara í gegnum greiðslumiðlanir. Í því tilviki þegar Myntkaup hefur uppfyllt Viðskiptatilboð án þess að fá alla upphæðina greidda frá þér, þá er þér skylt að borga útistandandi upphæð (“**Vanræksla Greiðslu**”). Ef þú skildir Vanrækja Greiðslu þá hefur slíkt afleiðingar samkvæmt grein 4.2.

3.2

Tölur, verð, gengisvísitölur eða annað skylt efni frá Myntkaupum, hvort sem það er á vefsíðu tengdri Myntkaup, smáforriti, auglýsingu eða með öðrum hætti, skuli í engu tilviki túlka sem tilboð, bindandi tilboð né ábyrgðasamningur fyrir skiptum heldur skal alltaf litið á það sem boð til þín að setja fram bindandi Viðskiptatilboð til Myntkaupa (invitatio ad offerandum).

3.3

Myntkaup leyfir notendum sínum einungis að bjóða upp á tilboð fyrir skiptum á grundvelli þess að viðkomandi Notandi hafi innistæður stærri en núll af Tókum á Notandaaðgangi sínum. Ekki er leyfilegt að bjóða upp á tilboð fyrir skiptum af Tókum ef viðkomandi Notandi hefur ekki innistæðu stærri en núll á Notandaaðgangi sínum. Upphæð Viðskiptatilboðs er tæknilega takmörkuð við jákvæða upphæð innistæðna þinna af viðkomandi Tókum og takmarkanir á upphæðum sem Myntkaup setur fyrir skipti. Myntkaup áskilur sér rétt til þess að takmarka þær upphæðir sem sérhver Notandi getur skipt fyrir (t.d. hámarksupphæð sem Notandi getur skipt Tókum fyrir á mánaðar- og/eða dagsgrundvelli o.s.frv.).

3.4

Tafir í vinnslu á Viðskiptatilboðum geta átt sér stað vegna ófyrirsjáanlegra tæknilegra truflana. Vegna þessa þá ábyrgist Myntkaup ekki að vinnsla á tilboðum muni alltaf vera tafarlaus, né skal Myntkaup vera skaðabótaskyld af aðstæðum sem kunna að skapast vegna

Þess, þá sérstaklega m.t.t. breytinga á verði og verðmats á Tókum. Verðábyrgðin sem er skilgreind í grein 3.1.1 í Skilmálum þessum er þó undanskilin þessu ákvæði.

3.5

Þú gerir þér grein fyrir og ert meðvitaður/meðvituð um að það kunna að verða töluverðar tafir þegar Tókar eru millifærðir inn á Myntkaup Veskið þitt, þar sem flestir Tókar eru geymdir á “köldum veskjum”, sem þýðir að Tókarnir eru geymdir á stað sem eru ekki tengdir internetinu. Ósjálfvirk meðhöndlun gæti verið nauðsynleg í sumum tilvikum sem getur valdið slíkum töfum.

Myntkaup Notandi

4.1

Kerfi Myntkaupa leyfa einungis einn aðgang á hvern Notanda (“**Notandaaðgangur**”). Að vera með fleiri en einn aðgang er stranglega bannað. Skyldi annar aðgangur verið búinn til (hér eftir “**auka-aðgangur**”) annar en fyrsti aðgangurinn (hér eftir “**upprunalegur-aðgangur**”), þá gildir eftirfarandi: Myntkaup hefur réttinn til þess að hindra og halda auka-aðganginum læstum. Tókar sem eru geymdir á auka-aðganginum munu vera fluttir af Myntkaup yfir á upprunalega-aðgang viðkomandi Notanda að því gefnu að viðkomandi Notandi geti sannað að hann/hún sé sama manneskjan. Í slíkum tilfellum þá er Myntkaup heimilt að innheimta þóknun upp á 5.00 EUR og að draga upphæð þóknunarinnar frá Tókunum sem voru fluttir.

4.2

Myntkaup áskilur sér réttinn til þess að læsa og/eða frysta og/eða loka Notandaaðgang (þar með talið að hindra viðskipti, bakfæra viðskipti, rifta samningi/viðskiptum) þegar í stað og án þess að upplýsa Notanda um slíkar aðgerðir, ef:

4.2.1

upp kemur grunur um að Notandi sé að nota kerfi Myntkaupa til: svika, fjármögnunar hryðjuverka, peningabættis, skattsvika, eða einhverra annarra brota á tilheyrandi

hegningarlögum eða skattalögum, eða ef viðkomandi Notandi gerist sekur um ólöglegt athæfi af einhverju tagi svo sem: dreifingu/sölu á ólöglegum eiturfjóm, svik og pretti á fólki eða fyrirtækjum, skattsvikum, o.s.frv.

4.2.2

Myntkaup hefur verið upplýst um opinbera rannsókn (af einhverju lögbæru yfirvaldi, einkum en ekki takmarkað við opinbera saksóknara á sviði sakamála eða skattayfirvalda) gegn viðkomandi Notanda m.t.t. svika, fjármögnunar hryðjuverka, peningaþvættis, skattsvika, eða einhverra annarra brota á viðeigandi hegningarlögum eða skattalögum í einhverju landi í heiminum.

4.2.3

Notandi hefur brotið skuldbindingar sínar við Myntkaup samkvæmt þessum Skilmálum (t.d. seinkuð greiðsla) án þess að lagfæra slík brot innan 10 virkra daga.

4.2.4

Notandi hefur brotið reglur einherrar greiðslumiðlunar.

4.2.5

Notandi hefur opnað meira en einn aðgang hjá Myntkaup.

4.2.6

Notandi brýtur í bága við regluna um einungis eina greiðslumiðlun per reikning (grein 5.7), t.d. með því að nota bankareikning eða kreditkort frá þriðja aðila.

4.2.7

Notandi notar aðgang án þess að hafa lögbundin réttindi til þess að nota viðkomandi aðgang.

4.3

Kerfi Myntkaupa notar sitt eigið tóka kerfi (F-Tóki og E-Tóki) til að halda utan um stöðu og hreyfingar á F-Tókum og E-Tókum fyrir alla Notendur. Sérhver Notandi er með sinn eigin undirreikning (hér eftir nefnt “**Veski**”) fyrir hvern Notandaáðgang. Aðeins F-Tókar og E-Tókar eru bókaðir í viðkomandi Veskjum Notanda og geta verið notaðir til þess að gera Viðskiptatilboð. Veskið fyrir F-Tóka er kallað “**Fiat Veski**”.

VERÐ, GREIÐSLUSKILMÁLAR, VIÐSKIPTA- OG MILLIFÆRSLUSKILMÁLAR

5.1

Verð og/eða gengi sem eru birt í sambandi við að Smella og Staðfesta Lokatilboð eru endanleg og bindandi fyrir Viðskiptatilboð (sérhvert er kallað “**Endanlegt Verð**”).

5.2

Endanleg Verð innihalda eftirfarandi hluti, sem eru sýndir á vefsíðunni samhliða Smella og Staðfesta Lokatilboð:

5.2.1

Í því tilfalli þegar þig langar að kaupa F-Tóka:

- (i) upphæð tilboðs í gjaldmiðli sem er lögeyrir
- (ii) F-Tóka sem þú munt fá ef tilboðið er samþykkt af Myntkaup
- (iii) gjald sem Myntkaup rukkar fyrir viðskiptin
- (iv) Endanlegt Verð, verandi summan af atriðum i-iii hér fyrir ofan

5.2.2

Í því tilfalli þegar þig langar að skipta F-Tóka fyrir E-Tóka

- (i) upphæð F-Tóka
- (ii) E-Tóka sem þú munt fá ef tilboðið er samþykkt af Myntkaup
- (iii) gjald sem Myntkaup rukkar fyrir viðskiptin
- (iv) Endanlegt Verð, verandi summan af atriðum i-iii hér fyrir ofan

5.2.3

Í því tilfelli þegar þig langar að skipta E-Tóka fyrir F-Tóka

- (i) upphæð E-Tóka
- (ii) F-Tóka sem þú munt fá ef tilboðið er samþykkt af Myntkaup
- (iii) gjald sem Myntkaup rukkar fyrir viðskiptin
- (iv) Endanlegt Verð, verandi summan af atriðum i-iii hér fyrir ofan

5.3

Sérhvert Viðskiptatilboð verður að minnsta kosti að hafa verðgildi (byggt á tölum sem Kerfi Myntkaup nota) upp á því sem nemur 0.001 BTC sett fram með tilheyrandi Endanlegu Verði.

5.4

Flutningur á Tókum eru framkvæmdir af Myntkaupum innan Kerfa Myntkaupa.

5.5

Endanleg Verð og/eða aðrar greiðslur þurfa að vera greiddar og/eða fluttar af þér þegar í stað eftir að þú hefur Smellt og Staðfest Lokatilboð.

5.6

Þangað til að kaupverðið, þar með talið öll gjöld/þóknanir, og/eða aðrar útistandandi upphæðir eða kröfur, hefur verið greitt að fullu, eða einhverjir Tókar í skiptum hafa verið fluttir endanlega til Myntkaup, þá munu þeir Tókar tilheyra Myntkaup og Myntkaup hefur

rétt til þess að halda tilheyrandi Tókum eftir, þangað til að viðkomandi Notandi hefur gengið frá tilheyrandi greiðslu að fullu.

5.7

Myntkaup leyfir, m.t.t. reglunnar um aðeins einn aðgang Notanda (grein 4.1), aðeins eina tengingu milli Notandaáðgangs og greiðslumiðlunaraðgangs (t.d. bankareiknings, Aur aðgangs o.s.frv.). Sérhver greiðslumiðlunaraðgangur má einungis vera notaður af viðkomandi Notanda. Nafn notanda hjá greiðsluþjónustu þarf að vera það sama og nafn á tilheyrandi Notandaáðgang.

5.8

Myntkaup áskilur sér réttinn til þess að breyta og/eða hætta með greiðslumáta sem hefur verið í notkun á hvaða tíma sem er að eigin geðþótta.

5.9

Í tilfellinu þar sem E-Tókar eru fluttir til og frá Kerfum Myntkaup yfir á utanaðkomandi bálkakeðju, þá gildir eftirfarandi:

5.9.1

Þá gætu millifærsluþóknarir eða námugraftarþóknarir átt við, sem verða að vera greiddar þegar í stað, af viðkomandi Notanda.

5.9.2

Þá virkar millifærslu-auðkennið (e. transaction-ID) sem óhrekjandi sönnun þess að millifærsla á E-Tóka frá Myntkaup til tiltekins Notanda sé lokið. Viðkomandi millifærslu-auðkenni verður einnig sent á uppgefið netfang Notanda sem hluti af staðfestingarpósti fyrir hverja millifærslu.

5.9.3

að þá er millifærslunni lokið og getur hún ekki verið bakfærð. Þú ert meðvituð/meðvitaður um og samþykkir að frá og með þeim tíma sem millifærslan hefur verið send út úr Kerfum Myntkaupa að þá hefur Myntkaup engin yfirráð lengur yfir millifærslunni sjálfri né á E-Tókunum sem sendir voru út úr Kerfum Myntkaup yfir á þig.

5.9.4

við millifærslu á E-Tókum út úr Kerfum Myntkaup þá flyst áhættan, þá sérstaklega áhættan af rýrnun í verði eða tapi, frá Myntkaup yfir á þig.

5.10

Þú berð ábyrgð á því að tryggja að Veskis-addressur þínar innan kerfa Myntkaupa séu réttar. Þetta á þá sérstaklega við m.t.t. millifærslna á E-Tókum yfir á Veskis-addressur sem eru ætlaðar öðrum E-Tókum (t.d. Bitcoin yfir í Litecoin) og m.t.t. millifærslna á E-Tókum yfir á Veskis-addressur sem þú hefur ekki aðgang að (t.d. að slá inn ranga Veskis-addressu inn, í Kerfum Myntkaup). Þegar millifærsla á E-Tóka hefur verið send á Veskis-addressu sem þú gafst upp þá getur millifærslan ekki verið afturkölluð. Myntkaup ber enga ábyrgð á mistökum sem Notandi kann að gera vegna Veskis-addressa innan Kerfa Myntkaupa.

5.11

Þegar þú sem Notandi framkvæmir innborgun inn á reikning þinn hjá Myntkaupum með bankamillifærslu frá íslenskri fjármálastofnun þá gilda eftirfarandi skilmálar:

5.11.1

Þú sem Notandi verður að millifæra af bankareikning í þínu nafni.

5.11.2

Þú sem Notandi millifærir upphæðina, í gjaldmiðli sem er lögeyrir, sem þú hyggst leggja inn af bankareikning í þínu nafni yfir á bankareikning Myntkaupa. Bankareikningur Myntkaupa hefur reikningsnúmerið 0301-26-027012 og er í íslenskum krónum.

5.11.3

Þú færð greitt inn á reikning þinn hjá Myntkaupum í F-tókum sem tákna evrur (EUR).

5.11.4

Þú sem Notandi samþykkir með því að leggja inn á reikning Myntkaupa að sá lögeyrir sem þú leggur inn verði að fullu notaður til þess að kaupa evrur á almennu gengi Arion banka. F-tókar sem þú sem Notandi færð greitt inn á reikning þinn hjá Myntkaupum skulu jafngilda þeirri upphæð í evrum sem fæst við þau viðskipti þegar evrur eru keyptar.

5.11.5

Myntkaup mun kaupa evrur fyrir þann lögeyri sem þú sem Notandi leggur inn eins fljótt og auðið er. Séu gjaldeyrismarkaðir Arion banka opnir mun Myntkaup reyna eftir bestu getu að klára viðskiptin samstundis. Séu gjaldeyrismarkaðir Arion banka lokaðir mun Myntkaup eftir bestu getu reyna að klára viðskiptin um leið og markaðir opna.

Tafir geta orðið á þessum viðskiptum vegna óviðráðanlegra aðstæðna. Myntkaup ber ekki ábyrgð á tjóni sem þú sem Notandi kannt að verða af vegna breytinga á gengi gjaldmiðla, mistaka eða vegna óvæntra upptákna sem kunna að eiga sér stað þegar viðskiptin eiga sér stað. Þú sem Notandi færð greidda, í F-tókum, þá upphæð í evrum sem fékkst við viðskiptin.

5.11.6

Berist innborgun inn á reikning Myntkaupa frá reikningi í eigu aðila sem ekki hefur reikning í kerfum Myntkaupa, eða frá reikningi sem ekki er hægt að sannreyna með fullu hver sé raunverulegur eigandi að, mun Myntkaup hafna innborguninni og millifæra upphæðina að fullu til baka.

5.12

Þegar þú sem Notandi framkvæmir innborgun inn á reikning þinn hjá Myntkaupum með smáforritinu Aur þá gilda eftirfarandi skilmálar:

5.12.1

Þú sem Notandi verður að millifæra af Aur aðgangi í þínu nafni.

5.12.2

Þú sem Notandi samþykkir með Aur innborgun viðskiptatilboð um kaup á evrum, samkvæmt því gengi sem gefið er upp í kerfum Myntkaupa hverju sinni. Gjaldskrá Myntkaupa má finna með því að fylgja eftirfarandi hlekk: <https://hjalp.myntkaup.is/article/6-gjaldskra-myntkaupa>

5.12.3

Aur millifærslur eru endanlegar og ekki hægt að bakfæra þær.

Áhætta

6.1

Þú sem Notandi meðtekur og samþykkir eftirfarandi áhættur í sambandi við það að nota Kerfi Myntkaup. Þá sérstaklega, en án þess að vera takmarkað við einungis eftirfarandi dæmi, þá skilur þú áhættuna sem er innifalin í notkun á Kerfum Myntkaup sem fram kemur í fyrri greinum og hér á eftir:

- (i) **Áhætta af veikleikum í hugbúnaði:** Hugbúnaðurinn sem keyrir Kerfi Myntkaup og öll sú tækni og tengdur hugbúnaður sem er notaður til þess að halda Kerfum Myntkaup gangandi, hugbúnaðurinn sem keyrir bálkakeðjur tengdra rafmynta og sýndarfjár er ennþá í þróun og hefur ekki haft mörg ár til þess að sanna sig á markaði. Það er engin trygging eða ábyrgð á því að ferlið fyrir móttöku, notkun og eignarhald á dulrituðum gagnaeiningum byggðum á bálkakeðjutækni muni starfa ótrufluð eða villulaust og það felst áhætta í því að undirliggjandi hugbúnaður og tækni gætu innihaldið veikleika eða galla sem gætu valdið tapi á dulrituðum gagnaeiningum byggðum á bálkakeðjutækni sem þú átt. Þá er sérstaklega átt við en ekki takmarkað við Tóka eða verðgildi á einhverjum dulrituðum gagnaeiningum byggðum á bálkakeðjutækni sem þú kannt að eiga.
- (ii) **Stjórnvaldaáhætta:** Bálkakeðjutæknin býður upp á nýjar leiðir til þess að hafa samskipti. Það er mögulegt að sum lögsagnarumdæmi muni nota reglugerðir sem eru nú þegar til staðar eða kynna til sögunnar nýjar reglugerðir sem gætu haft neikvæð áhrif á tækni byggða á bálkakeðjum. Nýjar reglugerðir gætu einnig haft neikvæð áhrif á núverandi skipulag kerfa sem gætu haft í för með sér umtalsverðar breytingar á Kerfum Myntkaup og/eða hverjum dulrituðum gagnaeiningum byggðum á bálkakeðjutækni sem þú kannt að eiga.

- (iii) Áhætta á árangursleysi eða að verkefni sé yfirgefið: Áframhaldandi þróun á mismunandi dulrituðum gagnaeiningum byggðum á bálkakeðjutækni gæti verið hætt af ýmsum ástæðum, þar með talið vegna lítils áhuga frá fyrirtækjum á markaði eða almenning, skort á fjármögnun, skort á velgengni á markaði eða samkeppni frá öðrum aðilum. Þrátt fyrir að Kerfi Myntkaups eru fullbúin til þess að vinna með einhverjum ákveðnum dulrituðum gagnaeiningum byggðum á bálkakeðjutækni þá þýðir það ekki að viðkomandi dulritaðar gagnaeiningar byggðar á bálkakeðjutækni muni hafa einhverja virkni eða verðgildi á almennum markaði.
- (iv) Áhætta á þjófnaði og internetáhætta: Hugbúnaðurinn sem Kerfi Myntkaupa byggir á, annar hugbúnaður sem tengist Kerfum Myntkaupa og aðrir tæknilegir hlutar kerfisins kunna að verða fyrir stafrænum árásum sem gæti leitt til þjófnaðar eða taps á dulrituðum gagnaeiningum byggðum á bálkakeðjutækni, eða þjófnaði eða taps á viðkvæmum gögnum, slík atvik geta haft áhrif á þróun eða notkun á Kerfum Myntkaup. Þú ættir að vera meðvituð/meðvitaður um það að SMS skilaboð og tölvupóstþjónustur eru viðkvæm fyrir vefveiðum (e. phishing) og þú ættir að sýna aðgát þegar þú sérð skilaboð frá aðilum sem segjast vera frá Myntkaup. Þú ættir alltaf að skrá þig inn á Notandaáðganginn þinn í gegnum <https://myntkaup.is>. Myntkaup ber ekki ábyrgð á tapi á Tókum sem þú kannt að verða fyrir vegna vefveiða eða annarra sambærilegra tölvuárása.
- (v) Áhætta af bálkakeðju-námuvinnslu árásum: Líkt og með öll önnur kerfi byggð á bálkakeðjutækni sem eru aðgengileg almenning þá geta Kerfi Myntkaup orðið fyrir árásum, þar með talið, en ekki takmarkað við, “double-spending” árásir, 51% árásir og aðrar sambærilegar námuvinnsluárásir. Ef námuvinnsluárás af einhverju tagi er árangursrík þá gæti það skapað hættu fyrir tæknina sem Kerfi Myntkaup byggja á.
- (vi) Áhætta á gengislækkun / gríðarlegum verðsveiflum: Verð á dulrituðum gagnaeiningum byggðum á bálkakeðjutækni getur sveiflast gríðarlega á skömmum tíma og getur hrapað í núll hvenær sem er, vegna ytri aðstæðna á markaði.
- (vii) Skattaáhætta: Kaup eða eignarhald á dulrituðum gagnaeiningum byggðum á bálkakeðjutækni (í hvaða formi sem er) sem og viðskipti með dulritaðar gagnaeiningar byggðar á bálkakeðjutækni getur haft afleiðingar í för með sér m.t.t. skattamála fyrir sérhvern Notanda. Með því að gera Viðskiptatilboð til Myntkaupa, og/eða með því að taka á móti, nota eða eiga dulritaðar gagnaeiningar byggðar á bálkakeðjutækni, og upp að því marki sem lög leyfa, þá samþykkir þú að Myntkaup eða aðilar tengdir Myntkaup skulu ekki vera ábyrgir fyrir sköttum sem kunna að vera innheimtir vegna Viðskiptatilboðs sem

Þú settir fram, notkunar eða eignarhalds á dulrituðum gagnaeyningum byggðum á bálkakeðjutækni eða öðrum aðgerðum tengdum dulrituðum gagnaeyningum byggðum á bálkakeðjutækni.

Viðvaranir

7.1

Að fjárfesta í dulrituðum gagnaeyningum byggðum á bálkakeðjutækni er mjög áhættusamt athæfi og möguleiki er á því að tapa allri fjárhæðinni sem fjárfest er fyrir. Slík fjárfesting hentar aðeins notendum sem hafa efni á því að tapa allri upprunalegu fjárhæðinni.

7.2

Að fjárfesta í dulrituðum gagnaeyningum byggðum á bálkakeðjutækni þýðir að fjárfesta í einhverju sem er nýtt af nálinni og er ófyrirsjáanlegt. Slík fjárfesting er aðeins fyrir notendur sem eru tilbúnir að taka mikla áhættu.

7.3

Dulritaðar gagnaeyningar byggðar á bálkakeðjutækni eru ekki gjaldmiðlar eða almennur greiðslumáti og þær eru hvorki samþykktar sem greiðslumáti af ríkjum, seðlabönkum né einkaaðilum.

7.4

Myntkaup mun afhenda Fjármálaeftirliti og lögreglu notandaupplýsingar og gögn um viðskipti notanda ef grunur vaknar um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka eða aðra ólöglega starfsemi, að því gefnu að grunuð brot varði við lög eða áskildum heimildum þessara aðila sé framvísað.

7.5

Þú notar Kerfi Myntkaupa á eigin ábyrgð.

Ýmislegt

8.1

Þú gerir þér grein fyrir því að hugbúnaðarkerfi líkt og Kerfi Myntkaupa þurfa á viðhaldi og áframhaldandi þróun að halda og að slíkar truflanir á kerfunum (bæði plönuðum og óplönuðum) eru nauðsynlegar.

8.2

Myntkaup skal:

8.2.1

einungis bera ábyrgð á fyrirsjáanlegu tjóni sem getur orðið vegna ásetnings eða stórkostlegu gáleysi af hálfu Myntkaupa.

8.2.2

aldrei bera ábyrgð á óbeinu tjóni, þá sérstaklega tjóni á öðrum hugbúnaði, tapi, tjóni af völdum Notanda eða öðru ótengdu tjóni þriðja aðila.

8.2.3

ekki vera ábyrgt fyrir tjóni sem orsakast af truflunum á Kerfum Myntkaup sem eru nauðsynlegar vegna vinnu tengda viðhaldi eða truflanir sem orsakast af ytri aðstæðum sem eru utan ramma Myntkaup (t.d. truflanir á orkukerfum, truflanir vegna heimsóknar eftirlitsyfirvalda, verkföll, uppbót, umhverfisástæður líkt og jarðskjálftar, illviðri, o.s.frv; stríð eða alþjóðleg átök vopnuð eða óvopnuð; truflanir vegna innlendra eða alþjóðlegra refsiaðgerða gegn vörum, þjónustum, fólki, löndum; truflanir vegna lagalegra takmarkana á dulrituðum gagnaeyningum byggðum á bálkakeðjutækni hvar og hvenær sem er um heim allan, truflanir á netum, tölvubílanir eða glæpastarfsemi þriðju aðila (til dæmis árásir tölvuþrjóta).

8.2.4

ekki vera ábyrgt fyrir tapi á gögnum viðskiptavina (t.d. vegna tölvuárása) sem eru utan ramma Myntkaupa. Sérhver Notandi skal vera látinn vita tafarlaust um gagnatap skildi slíkt gerast.

8.2.5

ekki taka neina ábyrgð á (i) E-Tókum sem eru geymd í heitu og/eða köldu Veski fyrir Notanda; (ii) upplýsingum um Notendur sem eru notaðar fyrir millifærslur inn eða út úr Kerfum Myntkaup, (iii) millifærslum inn eða út úr Kerfum Myntkaupa, (iv) Notanda eða einstakling sem notar vefsíður, smáforrit eða þjónustur sem eru ekki veittar af Myntkaup svo sem veskis-þjónustur þriðju aðila eða aðrar þjónustur frá þriðja aðila og (v) innskráningarupplýsingum Notanda, gögn er varða 2ÞA, eða önnur notandagögn. Notendur nota þjónustu sem er ekki veitt af Myntkaup t.d. rafmynta veskja-þjónustur eða aðrar þjónustur þriðju aðila á eigin ábyrgð. Myntkaup firrir sig allri ábyrgð á þjónustum þriðju aðila og getur ekki tryggt að þjónustur slíkra aðila muni virka sem skyldi. Þú sem Notandi notar þjónustur þriðju aðila algerlega á eigin ábyrgð. Tókar sem eru sendir til slíkra aðila eru óafturkallanlegt ef þriðju aðilarnir eru ekki viljugir til þess að senda féð til baka. Við getum og munum ekki athuga áreiðanleika þeirra þriðju aðila sem þú velur að nota. Við höfum enga skyldu til þess að hafa samband við eða leysa vandamál sem kunna að koma upp í viðskiptum þínum við þriðju aðila.

8.3

Myntkaup tekur að sér að gæta E-tókanna sem geymdir eru af Notanda af kostgæfni upp að því marki að það sé tæknilega viðráðanlegt í Kerfum Myntkaup. Meirihluti þessara E-Tóka eru geymdir í "köldum" veskjum - sem þýðir að hluti E-Tókana eru geymdir á stað sem eru ekki tengdir internetinu.

8.4

Myntkaup hefur réttinn til þess að láta lögbært yfirvald hafa öll þau gögn sem þau kunna að biðja um í sambandi við rannsóknir á málum sem kunna að koma upp, t.d. mál vegna gruns um peningabætti. Myntkaup áskilur sér réttinn til þess að vinna með slíkum yfirvöldum að lausn slíkra mála.

8.5

Breytingar á þessum Skilmálum, þar með talið á þessu ákvæði, má Myntkaup framkvæma hvenær sem er og munu uppfærðir Skilmálar taka gildi ef (i) Notandi samþykkir uppfærðu Skilmálana á netinu, eða ef Notandi samþykkir ekki að fyrra bragði, (ii) eftir einn mánuð frá því að uppfærðir Skilmálar hafa verið birtir á vef Myntkaupa á slóðinni <https://myntkaup.is>.

8.6

Rísi ágreiningur um túlkun þessara Skilmála eða einhverra ákvæða í Skilmálum þessum þá skal allur ágreiningur lúta íslenskum lögum og málinu vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur.

Bjóddu vini með tilvísunarkóða

9.1

Myntkaup býður þér upp á að bjóða öðrum inn á síðuna með því að nota uppgefninn tilvísunarkóða, sem hægt er að sækja á mælaborði þínu á kerfi Myntkaupa. Allir þeir sem skrá sig inn á Myntkaup með tilvísunarkóðanum og kaupa Bitcoin fyrir 50 EUR eða meira fá 10 EUR í tilvísunarbónus. Þú, sem býður viðkomandi með tilvísunarkóða, færð einnig 10 EUR í tilvísunarbónus þegar viðkomandi hefur keypt fyrir 50 EUR eða meira.

9.2

Þér er heimilt að auglýsa tilvísunarkóða þinn, til dæmis á samfélagsmiðlum, en þó aldrei þannig að slíkar auglýsingar gefi til kynna að þú starfir í umboði eða auglýsir á vegum Myntkaupa. Einnig ber að gæta tillitssemi og háttvísi við slíkar auglýsingar.

Viðauki I - Skilgreiningar

Myntkaup	hefur merkingu gefna í lið 1.1.
Notandi	hefur merkingu gefna í lið 2.1.
Notandaaðgangur	hefur merkingu gefna í lið 4.1.
Viðskiptatilboð	hefur merkingu gefna í lið 3.1.2.
Kerfi Myntkaup	hefur merkingu gefna í lið 1.1.
STU eða Samningsniðurstaða og Tilboðs Uppfyllingaraðgerð	hefur merkingu gefna í lið 3.1.3.
Vanræksla greiðslu	hefur merkingu gefna í lið 3.1.3.
E-Tóki	hefur merkingu gefna í lið 3.1.
F-Tóki	hefur merkingu gefna í lið 3.1.
Fiat Veski	hefur merkingu gefna í lið 4.3.
Smella og Staðfesta Lokatilboð	hefur merkingu gefna í lið 3.1.1.
Endanlegt Verð	hefur merkingu gefna í lið 5.1.
Tilboðstími	hefur merkingu gefna í lið 3.1.2.
Verðábyrgð	hefur merkingu gefna í lið 3.1.1.
Tóki	hefur merkingu gefna í lið 3.1.
Veski	hefur merkingu gefna í lið 4.3.
köld veski	hefur merkingu gefna í lið 3.5.
Veskis-addressa	Veskis-addressa (e. wallet address) er auðkenni sem táknar mögulegan áfangastað fyrir greiðslur í Bitcoin eða öðrum rafmyntum. Auðkennið er oftast strengur með bæði bókstöfum og tölustöfum og er yfirleitt 25-36 stafir á lengd.
millifærslu-auðkenni	Millifærslu-auðkenni (TXID) er auðkennisnúmer fyrir einstakar millifærslur á rafmyntum byggðum á bálkakeðjutækni.